



319. Stjórnarfundur haldinn 9. október 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ dagskrá og boðun á 36. sambandsráðsfund.

Bréf frá ÍSÍ v/ ferðasjóðs íþróttafélaga.

Bréf frá Guðrúnu Þorsteinsdóttur starfspróunarstjóra RNB v/ Heilsuviku.

Bréf frá Háskólanum í Reykjavík v/ námskeiðs „Stjórnunar í íþróttum“.

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað félagsins.

Umræður um útgáfu á jólblaði félagsins. Stjórn félagsins telur brýnt á þessum umbrota tímum í efnahagslífinu að gefa út jólblað þrátt fyrir erfitt efnahagslegt umhverfi. Ekki verður farið í auglýsingasöfnun til að standa undir kostnaði. Fyrirtækjum og velunnurum félagsins sem hafa stutt vel við bakið á okkur með útgáfu jólblaðsins undanfarin ár verði send jólakveðja. Ákvörðun var tekin um opnuviðtal. Rætt um að fá Eðvarð T. Jónsson til að taka viðtalið.

5. Staða félagsins og deilda

Rætt um stöðu á peningalegum eignum félagsins. Allar eignir virðast tryggðar. Aðalstjórn tekur undir ákvörðun deilda félagsins að segja upp samningum við erlenda leikmenn. Deildir eru nú að endurskipuleggja sig miðað við breytta tíma.

6. Önnur mál.

EH veitti viðtöku á þakklætisskyldi fyrir hönd aðalstjórnar frá knattspyrnudeildinni á lokahófi þess. Aðalstjórn þakkar deildinni fyrir huglusemina.

EH greindi frá fundi sem hann átti með fulltrúum fimleikadeildar og Árna Sigfússyni bæjarstjóra, Stefáni Bjarkasyni og Ragnari Erni Péturssyni þar sem gert var samkomulag við deildina um áhaldakaup og til lagfæringar á tækjum og búnaði í B- sal Sunnubrautar.

EH greindi frá fundi með Stefáni Bjarkasyni og Ragnari Erni Péturssyni og fulltrúum Stafnvíkur vegna samkomulags við Stafnvík um uppbyggingu æfingasvæðis Keflavíkur fyrir aftan Reykjaneshöllina.

Umræður um ástand á Sparisjóðsvellinum.

Ákveðið að jólakveðja aðalstjórnar verði 13.des.

Ákveðið að endurnýja litaprentara inn á skrifstofu félagsins.

Næsti stjórnarfundur 23. okt. kl 17:05 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

